



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 8/2026

Markaðssetning Happyworld á fisflugi

I. Málsmeðferð

- Með bréfi Neytendastofu til Happyworld ehf., dags. 26. júní 2024, var greint frá því að Neytendastofa hafi fengið ábendingu frá Samgöngustofu vegna auglýsinga félagsins á fisflugi á vefsíðunni manawa.com. Samkvæmt ábendingu Samgöngustofu sé óheimilt að fljúga fisi nema til skemmtunar og íþróttar, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 780/2006, um fis. Þá sé kveðið á um í sömu grein að óheimilt sé að fljúga fisi í atvinnuskyni, til flutninga- og verkflugs, sem og til annarra starfa að frátöldu flugi til kennslu, þjálfunar og próftöku. Í umræddri auglýsingu sé hins vegar boðið upp á útsýnisflug með fisi gegn gjaldi sem skv. framangreindu sé óheimilt.
- Af þessu tilefni sé athygli vakin á því að Neytendastofa hafi eftirlit með lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í 5. gr. sé lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fari fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta sé nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. sé um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti og raski verulega, eða séu líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Í f. lið 1. mgr. 9. gr. komi fram að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum séu veittar rangar upplýsingar um réttindi, hæfni eða annað sem varði aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi. Þá sé kveðið á um í 9. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, að það að lýsa því yfir eða gefa á annan hátt þá hugmynd að löglegt sé að selja vöru þótt sú sé ekki raunin teljist viðskiptahættir sem séu undir öllum kringumstæðum óréttmætir.
- Það sé álit Neytendastofu að framangreind ákvæði laga nr. 57/2005 og reglugerðar 160/2009 kunni að eiga við um málið. Með vísan til framangreinds óski stofnunarinnar eftir skýringum og/eða athugasemdum Happyworld vegna málsins. Ekkert svar barst.



4. Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. júlí 2024, til Happyworld, vísaði stofnunin til fyrra bréfs stofnunarinnar, dags. 26. júní 2024
5. Neytendastofa vekti athygli á að skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sé hlutaðeigandi aðilum skylt að afhenda Neytendastofu umbeðnar upplýsingar og gögn innan hæfilegs frests sem stofnunin setji. Berist svar ekki innan tilskilins tímafrests geti stofnunin tekið ákvörðun á grundvelli 2. mgr. 21. c. gr. sömu laga og eftir atvikum kveðið á um dagsektir þar til svör frá félaginu berist sbr. 23. gr. sömu laga.
6. Með vísan til alls framangreinds ítreki stofnunin ósk um skýringar og/eða athugasemdir Happyworld vegna málsins. Berist svar ekki innan tilskilins frests muni Neytendastofa taka ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Ekkert svar barst.

II. Endurupptaka

7. Ákvörðun Neytendastofu var birt þann 24. janúar 2025.
8. Í kjölfar birtingar ákvörðunarinnar bárust Neytendastofu athugasemdir aðila málsins og féllst stofnunin með vísan til 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 á beiðni félagsins um endurupptöku á fyrrgreindri ákvörðun, með bréfi dags. 30. júlí 2025.
9. Í sama bréfi var tekið fram að Neytendastofu hafi borist ábending frá Samgöngustöfu vegna auglýsinga Happyworld á fisflugi á vefsíðunni manawa.com. Þá hafi Neytendastofa fengið upplýsingar um að fisflug væri einnig auglýst á vefsíðu félagsins, happyworld.is, sbr. meðfylgjandi skjáskot.
10. Samkvæmt ábendingu Samgöngustofu sé óheimilt að fljúga físi nema til skemmtunar og íþróttar, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 780/2006, um fis. Þá sé kveðið á um í sömu grein að óheimilt sé að fljúga físi í atvinnuskyni, til flutninga- og verkflugs, sem og til annarra starfa að frátöldu flugi til kennslu, þjálfunar og próftöku. Í umræddum auglýsingum sé hins vegar boðið upp á útsýnisflug með físi gegn gjaldi sem skv. framangreindu sé óheimilt.
11. Af þessu tilefni vilji Neytendastofa vekja athygli Happyworld á eftirliti stofnunarinnar með lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Það sé álit stofnunarinnar að ákvæði 1. mgr. 8. gr., f. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laganna, og 9. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, kunni að eiga við um málið.



12. Svar Happyworld barst með tölvupósti, mótt. 13. ágúst 2025. Þar kom fram að félagið bjóði ekki upp á útsýnisflug með fisvélum. Félagið sinni ýmis konar kennslu í sportflugi. Það sé óhjákvæmilegt að hluti slíkrar starfsemi feli í sér að boðið sé upp á kynningarflug. Mjög algengt sé að fólk byrji ástundun sportflugs með því að fara í kynningarflug en hefji svo þátttöku sem miði að því að gera nemendur fullnuma flugmenn í viðkomandi grein.
13. Allir sem leiti til félagsins til að komast í kynningarflug skrifi undir skilmála á ensku og íslensku þar sem komi skýrt fram að um kynningar- og kennsluflug sé að ræða og í öllum tilvikum fari flugið fram undir leiðsögn kennara. Aukinheldur komi skýrt fram á vefsíðu félagsins að um sé að ræða kynningar/kennsluflug með kennara.
14. Á það skuli bent að Happyworld hafi ekki umráð yfir umræddri vefsíðu, manawa.com, og geti ekki talist bera á byrgð á því sem fram komi þar frekar en á efni annarra vefsíðna sem félagið ráði ekki yfir. Núverandi eigendur félagsins geti þó tekið fram að engin viðskipti finnist í bókunarkefi við félag sem reki vefsvæðið manawa.com. Þeir lýsi sig einnig reiðubúna að gera allt sem í þeirra valdi standi til að auglýsingin sé tekin niður með því að setja sig í samband við stjórnendur vefsvæðisins.
15. Meðfylgjandi séu skilmálar sem allir þátttakendur þurfi að skrifa undir og hafi verið í notkun síðan árið 2025. Þar komi skýrt fram að um kynningar/kennsluflug sé að ræða.
16. Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. desember 2025, var félaginu tilkynnt um að stofnunin telji að gagnaöflun málsins sé lokið og það muni verða tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.
17. Með bréfi Neytendastofu, dags. 15. desember 2025, var Happyworld tilkynnt að stofnuninni hafi borist upplýsingar um viðskiptahætti félagsins sem stofnunin telji nauðsynlegt að fá fram afstöðu félagsins til, m.a. með hliðsjón af 10. gr. og 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.
18. Um sé að ræða auglýsingar á fisflugi félagsins sem sé að finna á fjölda vefsíðna sem sérhæfi sig í að bjóða ferðamönnum ferðatengda þjónustu hér á landi. Umræddar síður séu eftirfarandi:

<https://reykjavikattractions.is/tours/flying-buggy/>

<https://guidetoiceland.is/book-holiday-trips/flying-buggy>

<https://eruption.is/vara/flying-buggy/>

<https://booknordics.com/iceland/western-iceland/reykjavik/flying-buggy>

<https://www.aurorapass.is/flying-buggy/>

<https://tripguide.is/product/flying-buggy-adventure-flight/>

<https://guidetoiceland.is/book-holiday-trips/flying-buggy>



<https://guidetoiceland.is/travel-info/sightseeing-flights-in-iceland>

<https://icelandonline.com/tour/flying-buggy/>

<https://book.tourdesk.is/Tour?tags=paragliding-flying>

<https://book.tourdesk.is/Tour/Item/6882/1/flying-buggy>

19. Á síðunum komi bæði fram að flugtími sé 15 til 20 mínútur en einnig að flugtíminn sé 1,5 til 2 klst. Þá sé iðulega auglýst að um sé að ræða útsýnisflug og að flug með „buggy“ sé tilvalin leið til að upplifa íslenska náttúru. Þá er þátttakendum boðið upp á að kaupa myndband af fluginu.
20. Neytendastofa telji að ofangreindir viðskiptahættir Happyworld kunni að fara gegn ákvæði 1. mgr. 8. gr., f. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, auk 9. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir
21. Óski Happyworld eftir að koma að frekari skýringum eða athugasemdum áður en málið verði tekið til ákvörðunar Neytendastofu þurfi þær að berast stofnuninni innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins.
22. Ekkert svar barst við bréfi Neytendastofu og var efni þess ítrekað með tölvupósti, sendum 5. janúar 2026.
23. Svar Happyworld barst með tölvupósti, mótt. 5. janúar 2026. Þar kom fram að bréf Neytendastofu hafi verið sent á mesta annatíma ársins hjá félaginu og það hafi því miður farið fram hjá forsvarsmönnum félagsins.
24. Í stuttu máli séu skýringarnar þær sömu og áður. Félagið hafi ekki beinan aðgan að því hvernig endursöluaðilar setji upp eða orði sína auglýsingu. Félagið muni þó strax hafa samband við fyrrnefnd fyrirtæki og biðja þau um að samræma texta við þær upplýsingar sem komi beint frá félaginu.
25. Félagið hafi ítrekað sýnt fram á hvernig það miðli upplýsingum til viðskiptavina. Happyworld starfi á sviði kennslu í þessari grein og í allri sögu félagsins hafi það eingöngu boðið upp á kennsluflug, svokallað *first flight* eða kynningarflug, en ekki útsýnisflug. Þetta hafi ávallt komið skýrt fram í eigin kynningarefni.
26. Félagið vilji jafnframt þakka fyrir ábendingar er varði endursöluaðila. Félagið hafi einungis vitað af því að Guide to Iceland og TourDesk væru að selja þjónustu þess. Það sjáist strax að TourDesk noti texta félagsins og ekkert athugavert sé við það hvernig fjallað sé um eðli kennslunnar. Félagið finni hins vegar ekki þjónustu þess hjá Guide to Iceland að svo



stöddu en til öryggis verði þeir engu að síðar á lista þeirra sem fá beiðni um að samræma texta um þjónustu við þann texta sem komi beint frá félaginu.

27. Að lokum vilji félagið taka fram að enginn póstur hafi borist á heimilisfang félagsins og áður sendur tölvupóstur hafi ekki verið staðfestur sem séður af félaginu. Þetta séu því fyrstu tölvupóstsamskipti sem félagið sjái er varði endurupptöku málsins.
28. Með bréfi Neytendastofu, dags. 14. janúar 2026, var vísað til fyrri samskipta ásamt því að tekið var fram að samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar hafi fyrirsvarsmenn félagsins ekki heimild til kennslu á vélknúin fis, upplýsingar fengnar af vefsíðu Fisfélags Reykjavíkur, og óski Neytendastofa því eftir upplýsingum um hvernig kennsla fari fram og hver sjái um þá kennslu sem félagið vísi til í svarpóstum sínum.
29. Svar Happyworld barst með bréfi, dags. 4. febrúar 2026. Þar kom fram að þegar viðskiptavinir bóki kynningarflug á vélknúin fis hjá Happyworld sé leitað til viðurkenndra kennara á vélknúin fis til þess að framkvæma kennslustundina. Fáist ekki slíkur kennari sé kennsluflugið fellt niður og nemandinn fái endurgreitt að fullu. Enda segi í 3. gr. reglugerðar nr. 780/2006, um fis, að til þess að starfrækja fis innan íslenskrar lofthelgi skuli stjórnandi hreyfilknúins fis hafa: *b. heimild viðurkennds fisfélags og skrá hreyfiknúið fis í físskrá slíks félags*. Auk þess að sækja skuli um viðurkenningu fisfélags til Flugmálastjórnar Íslands.
30. Happyworld sé einkahlutafélag skv. lögum um slík félög nr. 138/1994. Í 4. gr. reglugerðar nr. 780/2006, um fis, sé fjallað um viðurkennd fisfélög og að þau skuli ekki rekin í hagnaðarskyni, aðild að fisfélagi skuli vera opin einstaklingum sem vilji eiga eða starfrækja fis og uppfylla þær kröfur sem gerðar séu í samþykktum félagsins eða samtakanna. Slíkt eigi ekki við um einkahlutafélög heldur aðeins um frjáls félagasamtök, en hægt sé að skrá slík samtök í fyrirtækjaskrá skv. lögum nr. 17/2003.
31. Varðandi það atriði hvernig kennsla fari fram þurfi Neytendastofa að snúa sér til viðurkenndra kennara á vélknúin fis með þá fyrirspurn. Um leið skuli á það bent að í lögum um Neytendastofu nr. 62/2005 segi í 2. gr. að stofnunin skuli annast framkvæmd laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu svo sem nánar sé kveðið um í þeim lögum. Í 4. gr. laganna segi að Neytendastofa fari með eftirlit skv. þeim lögum og að hlutverk stofnunarinnar sé að; a. framfylgja boðum og bönnum laganna, b. ákveða aðgerðir gegn óréttmætum viðskiptaháttum og c. stuðla að auknu gagnsæi markaðarins. Á þeim lagagrundvelli fáist ekki séð að það sé lagalegt hlutverk Neytendastofu að óska eftir upplýsingum um það hvernig kennsla á vélknúin fis fari fram. Um leið skuli á það bent að skv. lögum um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012 segi



í 1. gr. að stofnunin fari með stjórnáslu samgöngumála skv. þeim lögum og að sú stofnun annist stjórnáslu og eftirlit er lúti að flugmálum.

32. Með vísan í bréf Neytendastofu, dags. 30. júlí 2025, þar sem Neytendastofa féllst á beiðni Happyworld um endurupptöku á ákvörðun stofnunarinnar nr. 2/2025 hafi félagið nú svarað öllum spurningum stofnunarinnar með málefnalegum hætti. Í ljósi þess sé farið þess á leit við Neytendastofu að stofnunin falli endanlega frá ákvörðun nr. 2/2025 og fjarlægji hana af vefsíðu sinni.
33. Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. febrúar 2026, ítrekaði stofnunin þá kröfu sína að veittar verði upplýsingar um hvaða einstaklingar sjái um kennsluflug félagsins og hvernig þeirri kennslu sé háttað. Þá sé í svarbréfi félagsins vísað til þess að félagið bjóði eingöngu upp á kynningar- og kennsluflug og óski Neytendastofa því eftir upplýsingum um hvort og þá hvaða munur sé á umræddum tegundum fluga.
34. Að gefnu tilefni vísi Neytendastofa til þess að skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005 geti stofnunin krafið þá sem löggin taki til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga sé hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setji.
35. Svar Happyworld barst með bréfi, dags. 13. febrúar 2026. Í bréfinu kom fram að með vísan til ítrekana Neytendastofu um aðgang að upplýsingum, um hvaða einstaklingar sjái um kennsluflug félagsins og hvernig því sé háttað, skuli vakin athygli á því að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi í dómum sínum talið að það sé þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að þeim sem sakaður sé um refsiverða háttsemi, í skilningi þess ákvæðis, sé óskytt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem leitt geti til sakfellingar hans.
36. Þar sem ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu hafi verið lögtekinn hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994, leiði það af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. sáttmálans að rétturinn til að fella ekki á sig sök gildi hér á landi við meðferð stjórnáslumála komi til greina að leggja stjórnásluviðurlög á sem teljast viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, t.d. álagning stjórnvaldssekta. Mannréttindadómstóllinn hefur ekki skorið úr því hvort og þá að hvaða marki lögaðilar njóti verndar þess réttar. Dómafordæmi þess efnis liggja þó fyrir hér á landi með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 92/2007 þar sem litið var svo á að „það sé þáttur í réttlátri málsmeðferð samkvæmt 6. gr. mannréttindasáttmálans að þeim sem sakaður er um refsiverða háttsemi í skilningi þess ákvæðis sé óskytt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem leitt geti til sakfellingar hans“, hafi m.a. verið á þeim grundvelli verið staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. febrúar 2007 að vísa málinu frá dómi.



37. Þá skuli það ítrekað að í svarbréfi Happyworld, dags. 4. febrúar 2026, hafi verið tekið fram að skv. lögum um Samgöngustofu annist sú stofnun stjórnslu og eftirlit er lúti að flugmálum. Í ljósi þess skuli á það bent að þegar stjórnvald, sem í máli þessu sé Neytendastofa, gangi inn á verksvið anars stjórnvalds, þ.e. Samgöngustofu, nefnist slík háttsemi valdþurrð skv. óskráðum meginreglum stjórnsluréttarins. Þar sem valdþurrð sé almennt talin verulegur annmarki á ákvörðun og leiði til þess að hún teljist ógildanleg eða jafnvel markleysa.
38. Með tölvupósti, sendum 19. febrúar 2026, tilkynnti Neytendastofa Happyworld að með hliðsjón af svörum félagsins telji stofnunin að gagnaöflun málsins sé lokið og verði það tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

III. Niðurstaða

39. Mál þetta lýtur að auglýsingum Happyworld ehf. á fisflugi en samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 780/2006, um fis, er óheimilt að fljúga fisi nema til skemmtunar og íþróttar. Þá er kveðið á um í sömu grein að óheimilt sé að fljúga fisi í atvinnuskyni, til flutninga- og verkflugs, sem og til annarra starfa að frátöldu flugi til kennslu, þjálfunar og próftöku.
40. Í umræddum auglýsingum félagsins virðist hins vegar vera boðið upp á útsýnisflug með fisi gegn gjaldi sem skv. framangreindu er óheimilt. Neytendastofa upplýsti félagið um að stofnunin teldi ákvæði 1. mgr. 8. gr., f. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, ásamt 9. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, kunni að eiga við um málið.
41. Í svörum félagsins hefur komið fram að félagið starfi á sviði kennslu í sportflugi og að félagið bjóði eingöngu upp á kynningar- og kennsluflug. Þá geti félagið ekki borið ábyrgð á því hvernig endursöluaðilar setji upp eða orði auglýsingar.
42. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun. Í máli þessu reynir á hvort annars vegar Happyworld auglýsi og bjóði upp á útsýnisflug á fisi og hins vegar hvort félaginu sé slíkt heimilt og kemur því til álita ákvæði f. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um að viðskiptahættir teljist villandi ef veittar eru rangar upplýsingar um réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi. Þá kemur



einnig til skoðunar ákvæði 9. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 þar sem kveðið er á um að það teljist undir öllum kringumstæðum óréttmætir viðskiptahættir að lýsa því yfir eða gefa á annan hátt þá hugmynd að löglegt sé að selja vöru þótt sú sé ekki raunin.

43. Undir rekstri málsins var einnig vísað til ákvæða 11. gr. reglugerðar nr. 780/2006, um fis, en að mati Neytendastofu getur við túlkun ákvæða laga nr. 57/2005 m.a. verið litið til sjónarmiða annarra laga og reglugerða sem kunna að eiga við um fyrirliggjandi málsatvik. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Fis skal einungis ætlað eða notað til skemmtunar eða íþróttar. Óheimilt er að fljúga fisi í atvinnuskyni, til flutninga- og verkflugs, né til annarra starfa nema kennslu og þjálfunar og próftöku. Óheimilt er að fljúga fisi með hættulegan varning.“

44. Í máli þessu liggur fyrir að auglýst hefur verið útsýnisflug með fisi, gegn gjaldi, á fjölda vefsíðna, þar sem Happyworld er tiltekið sem þjónustuveitandi, þ. á m. á vefsíðu félagsins, happyworld.is.
45. Í svörum félagsins kom fram að félagið geti ekki borið ábyrgð á framsetningu endureseljenda á þjónustu félagsins. Þá bjóði félagið ekki upp á útsýnisflug heldur kynningar- og kennsluflug. Með hliðsjón af þeim svörum félagsins óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum um hvernig kennsla fari fram og hver sjái um þá kennslu enda hafi Neytendastofa upplýsingar um að fyrirsvarsmenn félagsins hafi ekki heimild til kennslu á vélknúin fis.
46. Þrátt fyrir ítrekun Neytendastofu á framangreindri ósk sinni hefur félagið skirrt við að svara til um hver sjái um slíka kennslu og vísar til þess að félagið leiti til viðurkenndra kennara á vélknúin fis, án þess að upplýsa um hvaða kennara við sé átt. Þá vísar félagið til þess að það leiði af ákvæðum 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að sá sem sakaður sé um refsiverða háttsemi sé óskyldur að láta í té upplýsingar sem leitt geti til sakfellingar hans.
47. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa krafist þá sem lögin taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þyki við athugun einstakra mála. 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu losar Happyworld ekki undan þeirri skyldu að afhenda þær upplýsingar sem Neytendastofa fer fram á við rannsókn fyrirliggjandi máls. Þá ber Neytendastofu skv. 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Hluti af þeirri rannsókn er m.a. að óska eftir öllum upplýsingum og gögnum sem stofnunin telur þurfa til að geta lagt mat á málsatvik. Skirrist fyrirtæki við að afhenda Neytendastofu umbeðnar upplýsingar leiðir það aftur á móti ekki til þess að stofnunin geti ekki tekið ákvörðun í fyrirliggjandi máli



heldur verður ákvörðun tekin á grundvelli fyrirliggjandi gagna og bera fyrirtæki eftir atvikum hallann af því að hafa ekki afhent umbeðnar upplýsingar.

48. Í svörum félagsins hefur einnig verið vísað til þess að samkvæmt lögum sé það Samgöngustofa sem annist stjórnslu og eftirlit er lýtur að flugmálum og því sé ljóst að í máli þessu gangi Neytendastofa inn á verksvið annars stjórnvalds.
49. Óumdeilt er að Neytendastofa fer ekki með eftirlit með flugmálum á Íslandi. Stofnunin fer hins vegar með eftirlit samkvæmt lögum nr. 57/2005 í þágu neytenda og líkt og áður hefur komið fram getur við túlkun ákvæða laga nr. 57/2005 m.a. verið litið til sjónarmiða annarra laga og reglugerða sem kunna að eiga við um fyrirliggjandi málsatvik enda heyra óréttmætir og/eða villandi viðskiptahættir fyrirtækja gagnvart neytendum undir valdsvið Neytendastofu.
50. Með vísan til alls framangreinds er það álit Neytendastofu að sýnt hafi verið fram á með gögnum að Happyworld hafi boðið upp á útsýnisflug, gegn gjaldi, á vélknúnu fisi. Telst slíkt vera starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni sem er óheimilt skv. 11. gr. reglugerðar nr. 780/2006.
51. Í f. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 er skýrlega kveðið á um að það séu villandi viðskiptahættir að veita rangar upplýsingar um réttindi, hæfni eða annað sem varðar söluaðila eða fulltrúa hans. Þá er kveðið á um í 9. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 að það teljist ávallt óréttmætir viðskiptahættir að lýsa því yfir eða gefa á annan hátt þá hugmynd að löglegt sé að selja vöru þótt sú sé ekki raunin. Það að bjóða upp á útsýnisflug, gegn gjaldi, á fisi sem óheimilt er að gera er því brot gegn framangreindum ákvæðum. Þá er það álit Neytendastofu upplýsingar um réttindi og heimild félagsins til að bjóða upp á útsýnisflug með fisi séu upplýsingar sem skipti neytendur almennt miklu máli enda ljóst að slíkar upplýsingar geti haft fjárhagsleg áhrif á neytendur og áhrif á ákvarðanatöku þeirra við kaup á þjónustu félagsins.
52. Að framangreindu virtu er það álit Neytendastofu að Happyworld ehf. hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og f. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæðis 9. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með framangreindum viðskiptaháttum.
53. Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna Happyworld ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og banna félaginu því að auglýsa útsýnisflug á fisi gegn gjaldi.



54. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna.
55. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, eðli þeirra auglýsinga sem um ræðir, útbreiðslu þeirra og þess að brotið er gegn viðskiptaháttum sem í öllum tilvikum teljast óréttmætir telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna. Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Happyworld ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Happyworld ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 400.000,- (fjögur hundruð þúsund krónur).

III. Ákvörðunarorð:

„Happyworld ehf., Hjaltabakka 22, 109 Reykjavík, hefur með auglýsingum um útsýnisflug með físi, gegn gjaldi, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og f. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 9. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Happyworld ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunar þessarar.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Happyworld ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 400.000 kr. (fjögur hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 12. maí 2026

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir